

Forsætisnefnd kirkjuþings
Kirkjuþingsfulltrúar

Reykjavík 24. október 2023

Við prestvígðar konur viljum minna á mikilvægi þess að yfirstjórn kirkjunnar sýni samstöðu, einhug og vilja til að leiða þjóðkirkjuna til góðra verka á þeim miklu breytingatímum sem staðið hafa yfir frá því Alþingi samþykkti lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Í ljósi þess að umboð sitjandi biskups hefur verið dregið í efa með úrskurði nr. 2/2023 frá Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, dagsettum 16. október sl., förum við fram á að kirkjuþing, sem almennt æðsta vald í málefnum kirkjunnar, og forsætisnefnd kirkjuþings axli ábyrgð á þeim álitamálum sem upp hafa komið þar að lútandi.

Að okkar mati er sú staða sem hefur myndast óboðleg hinni íslensku þjóðkirkju og þeirri þjónustu sem hún vill standa fyrir. Eins er mikilvægt að huga að áhrifum þessa í víðara samhengi svo sem því sem lýtur að samstarfi við aðrar kirkjudeildir á alþjóðlegum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Félag prestvígðra kvenna